

Fuglahús

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að útbúa fallegan nytjahlut fyrir náttúruna úr náttúrunni. Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna. Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi.

Námsgreinar: Umhverfismennt, myndmennt, stærðfræði, hönnun og smíði.

Aldur: Yngsta stig, miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Allir nemendur skólans geta komið að gerð fuglahúsa á þennan hátt. Ekki skemmir fyrir að þeir eldri aðstoði þá yngri ef hægt er að koma því við.

Fyrst er útbúið fuglahús úr léttu smíðaeefni eða afgangum. Síðan þarf að negla eða líma greinar úr grenndarskógi á húsið. Þar er gott að hafa samvinnu á milli nemenda þar sem erfitt getur reynst að halda litlum greinum á sínum stað. Þeir eldri negla kannski frekar en þeir yngri sem geta þá límt á sín hús.

Þetta verkefni er aðallega unnið inni en að vísu þarf að fara út til að finna greinar í húsið. Ekki þarf frekar að þurrka greinar áður en þær eru notaðar utan á húsin.

Svo skemmir ekki fyrir ef húsunum er komið fyrir í grenndarskóginum þar sem hægt er að fylgjast með því hvort þau nýtist íbúum skógarins.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Mót af húsi (ef vill), klippur, sagir, hamar, naglar og/eða límbyss.